



# STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SIJÖLDUR OG SKÍNANDI RÓÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

## **Greinargerð vegna tillögu Strandabandalagsins um sameiningarviðræður**

Ljóst er að framundan er aukin áhersla á viðræður sveitarfélaga um hugsanlegar sameiningarviðræður; formlegar eða óformlegar. Fyrri ríkisstjórn og sérstaklega fyrrverandi ráðherra sveitarstjórnarmála, lögðu mikla áherslu á að sveitarfélög huguðu að þessu í sínu starfi og áætlunum.

Oddviti/sveitarstjóri hefur í gegnum hina ýmsu samstarfsfleti, hlustað eftir og kannað áhuga og áherslur nærliggjandi sveitarfélaga. Ljóst er að sveitarfélögin eru misjafnlega langt komin hvað þessa umræðu varðar.

Síðastliðið haust stóð til að sveitarstjórn Strandabyggðar myndi heimsækja Húnaþing, m.a. til að kanna þeirra hug hvað þetta varðar. Ekki náðist að fara í þá ferð. Sem stendur hafa Húnaþing og Dalabyggð ákveðið að hefja undirbúningsviðræður hvað hugsanlega sameiningu varðar.

Strandabandalagið leggur til að sveitarstjórn óski formlega eftir viðræðum við Dalabyggð og Reykhólahrepp, um hugsanlega sameiningu þessara sveitarfélaga. Með þessari forgangsröðun, er engum öðrum hugsanlegum viðræðum hafnað.

10.1.25

Þorgeir Pálsson

STRANDABYGGÐ HAFNARBRAUT 25 510 HÓLMAVÍK KT:570806-0410

SIMI 451-3510 BANKI 1161-26-1 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR:WWW.STRANDABYGGD.IS